

Ed.

612. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Tekjuskatt þann af eign, sem ræðir um í 2. gr. nefndra laga, skal greiða með 4 af hundraði af tekjum, sem nema 1000 kr., en síðan eykst skatturinn

um 1 af hundraði á hverju þúsundi, uns hann er orðinn 15 af hundraði, sem greiðist af því, sem eignartekjur nema yfir 11000 kr.

2. gr.

Tekjuskattur af atvinnu, samkvæmt 4. gr. tjeðra laga, eykst með sama hætti og þar segir, uns hann er orðinn 15 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 29000 kr.

3. gr.

Auk þeirrar atvinnu, sem 5. gr. nefndra laga greinir, skal skatturinn greiðast af tekjum af landbúnaði og sjávarútvegi. Þó skal eigi greiða skatt af minni tekjum en 2000 kr.

4. gr.

Ákvæði 12. gr. nefndra laga skulu einnig ná til stjórnenda banka og sparisjóða, að því er snertir innieign og vaxtafje í þeim stofnunum.

5. gr.

Ef gjaldþegn gefur enga skýrslu um tekjur sínar, svo sem 13. gr. tekjuskattslaganna mælir fyrir, skal skattanefnd áætla tekjur hans svo freklega, sem hún telur sært, svo að eigi sje hætt við, að þær verði settar lægri en þær eru í raun og veru.

Þyki skattanefnd ástæða til, getur hún krafist þess, að framteljandi staðfesti framtal sitt með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi. Er framteljanda skylt að sækja dómþing með gestarjettarfyrirvara á skrifstofu dómarans eða á hvern stað í þinghánni, er dómari tiltekur.

6. gr.

Auk úrskurða um kærúmál, sem yfirskattanefnd hefir með höndum, samkvæmt 20. gr. tjeðra laga, skal henni og rjett að hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir í umdæmi hennar gegni skyldu sinni, og ganga ríkt eftir rjettu framtali. Leiðrjettir hún síðan skattaskrárnar, svo sem hún telur þörf á. Úrskurðum hennar verður eigi áfrýjað.

7. gr.

Skýrslum þeim um efnahag gjaldþegna, er skattanefndarmenn fá vitneskju um í starfa sínum, skulu þeir halda leyndum fyrir öllum úti í frá. — Brot gegn þessu varðar sektum frá 20—200 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal þeim, er sekur verður, tafarlaust vikið frá starfanum.

8. gr.

Sektir eftir lögum þessum og gildandi lögum um tekjuskatt renni í landssjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessara laga breytast hinar tilfærðu greinar tekju-
skattslaganna frá 14. des. 1877.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað og gilda til jafnlengdar 1919.